

Fundargerð stjórnar

79. fundur stjórnar Brunavarna Árnessýslu (BÁ) haldinn fimmtudaginn 28. desember, 2006 að Austurvegi 52, Selfossi. (Skrifstofu slökkviliðsstjóra)
- Mættir:**
Margrét K. Erlingsdóttir, formaður, og Snæbjörn Sigurðsson. Ólafur F. Leifsson boðaði forföll.
Einnig mætti á fundinn: Einar Sveinbjörnsson, endurskoðandi frá KPMG og Kristján Einarsson, slökkviliðsstjóri, sem ritaði fundargerð.
Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 11.00
1. Reikningur BÁ fyrir árið 2005
Einar Sveinbjörnsson, endurskoðandi frá KPMG kom á fundinn og skýrði reikninga ásamt slökkviliðsstjóra.
Stjórnin samþykkir reikninginn fyrir sitt leyti og vísar honum til fundar Fulltrúaráðs BÁ sem verður haldinn að loknum stjórnarfundi.
 2. Húsnæðismál slökkviliðs. (Björgunarmiðstöðin)
 - a.) Lagður fram undirskriftalisti frá slökkviliðsmönnum BÁ þar sem skorað er á stjórn BÁ að hverfa frá hugmyndum um að koma slökkviliðinu fyrir í væntanlegri Björgunarmiðstöð.
Stjórnin mun leggja listann fram fyrir Fulltrúaráð BÁ og ræða málið á fundi ráðsins.
 3. Kynning á starfi liðsins.
 - a.) *Útköll á árinu 2006 sem komin eru.*
Slökkviliðsstjóri greindi frá því að útköll liðsins á árinu væru komin í 76. Engin stóraföll hefðu orðið fyrir utan umferðaslys en BÁ sér um klippumálin.
 - b.) *Vinna slökkviliðs vegna flóða í Hvítá og Ölfusá.*
Slökkviliðsstjóri sagði frá vinnu slökkviliðsmanna vegna flóðsins í Hvítá og Ölfusá. Fjórtán manna lið frá SHS ásamt búnaði var sent inná svæðið fyrsta flóðadaginn, í tengslum við vinnu Björgunarmiðstöðvarinnar við Skógarhlíð í Reykjavík. Ekki þurfti að kalla þetta lið til vinnu og hvarf það á brott daginn eftir. Slökkvilið BÁ var síðan kallað út til starfa að kvöldi annars dags flóðanna og vann við björgunarstörf á flóðasvæðinu við Ölfusábrú. Hótel Selfoss – Tryggvaskála - kjallara Nóatúns og kjallara nýbyggingar við Grænumörk á Selfossi. Einnig aðstoðaði slökkviliðið við vatnsdælingar annarsstaðar á svæði BÁ.
 4. Rekstrarmál
BÁ er að taka upp nýtt rafrænt skýrsluform í tengslum við vinnu eldvara-
eftirlits. Brunamálastofnun hefur lagt þunga á áherslur í starfi eldvaraeftirlits
sveitarfélaga. Rætt um mögulega eflingu eldvarnaeftirlits í Árnessýslu.

Margrét K. Erlingsdóttir Snæbjörn Sigurðsson Kristján Einarsson

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 12.50